# Ársæll Jónsson, bréf til Bjarna Benediktssonar vegna Nýbyggingarsjóðsnefndar 15. september 1953 og svar formanns Nýbyggingarsjóðsnefndar Bjarna Benediktssonar 19. júní 1944

Bjarni Benediktsson – Ársæll Jónsson, bréf til Bjarna Benediktssonar vegna Nýbyggingarsjóðsnefndar 15. september 1953 og svar formanns Nýbyggingarsjóðsnefndar Bjarna Benediktssona 19. júní 1944

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360

Stjórnmálamaðurinn

Askja 2-8, Örk 6

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

NÝBYGGINGARSJÓÐSNEFND

Reykjavík, 19. júní 1944.

Nýbyggingarsjóðsnefnd hefir athugað greinargerð fyrir nýbyggingarsjóðsframlögum yðar fyrir skattárin 1941 og 1942 og samþykkt að þeim hafi verið löglega varið til byggingar nýs fiskibáts ca 65 tonn að stærð, enda verði nefndinni gerð grein fyrir endanlegu kostnaðarverði bátsins, er byggingu hans er lokið.

Þetta tilkynnist yður hér með.

Virðingarfyllst,

F.h. nýbyggingarsjóðsnefndar

Bjarni Benediktsson
formaður.

Til

hr. útgerðarmanns Ársæls Sveinssonar,

Vestmannaeyjum.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hér með leyfi ég mér virðingarfyllst og vinsamlegast, að minna hæstv. ráðherra á samtal, sem ég átti við ráðherrann ásamt Gunnari Þorsteinssyni hrl. í Stjórnarráðinu þann 10. júní s.l. varðandi beiðni um tilraun til þess að fá niðurfelldan eða eftirgefinn skattauka, sem ég var úrskurðaður til að greiða af ríkisskattanefnd árið 1948, að fjárhæð ca. kr. 28.000.00 -á þeim-, frá mínu sjónarmiði, röngu forsendum , að ég hefði ekki varið með lömæltum hætti nýbyggingarframlögum mínum árin 1943 og 1944, til byggingarframkvæmda á ca. 65 tonna fiskibát.

Eins og ráðherrann mun e.t.v. muna af fyrrgreindu samtali, samþykkti form. nýbyggingarsjóðsstjórnar með bréfi dags. 19. júní 1944 (afrit af því bréfi fylgir hér með), að ég hefði varið með lögmæltum hætti nýbyggingarsjóðstillögum (framlögum) fyrir skattaárin 1941 og 1942 (samtals kr. 88.483.70) til byggingar nýs fiskibáts ca. 65 tonna að stærð.

Það er og staðreynd (sannanleg og raunar óvéfengd), að ég varði einnig nýbyggingarframlögum mínum fyrir árin 1943 og 1944 til þess að ljúka við byggingu sama fyrrgreinds báts, að svo miklu leyti, sem þau hrukku þar til. Þetta var mér bæði réttmætt og skylt að gera. Það er ennfremur staðreynd, að ég lauk við smíði þessa báts og hefur hann reyndar verið gerður út frá Vestmannaeyjum frá því smíði hans lauk og allt til þessa dags og borið óhemju verðmæti að landi.

Ég tel því, að framangreind skattaálagning sé byggð á röngum eða ófullnægjandi upplýsingum. Og þar sem ég hefi árangurslaust reynt að fá leiðréttingu á þessu máli hjá ýmsum ábyrgum aðilum (ríkisskattanefnd o.fl.), eins og ég skýrði hæstv. ráðherra frá í fyrrgreindu viðtali, er það von mín að ráðherrann, sem var formaður nýbyggingarsjóðsstjórnar á þeim tíma, er framangreindir atburðir gerðust, vilji ljá þessu máli mínu lið og gera tilraun til þess að fá greinda skatta mína niðurfellda.

Vegna þess, að bæjarfógetinn í Vestmannaeyjum hefur nú tjáð mér, að hann verði mjög bráðlega að neita mér um frekari frest í skattamáli

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þessu, sem rekið er nú fyrir dómstóli þar, leyfi ég mér að vænta heiðr. svars hæstv. ráðherra hið allra fyrsta um það, hvort leiðréttingar sé að vænta í framangreindu máli eða ekki.

Með fyrirfram þakklæti fyrir góðar undirtektir í máli þessu og vonandi góð málalok.

P.t. Reykjavík, 15. september 1953
Virðingarfyllst,

Oddur Sveinn –

Til herra dómsmálaráðherra
Bjarna Benediktssonar.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur